

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Sent í Samráðsgátt
Reykjavík, 10. janúar 2022

Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019


Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt stjórnvalda þann 16. desember 2021, þar sem óskað var umsagna um áform um lagasetningu um breytingu á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019, með síðari breytingum. Frestur til að skila umsögn um málið var til 9. janúar 2022 en Bændasamtökum Íslands var veittur viðbótarfrestur út 10. janúar 2022. Starfshópur sem kveðið er á um að ráðherra skuli skipa, í bráðabirgðaákvæði II laga um pósthjónustu nr. 98/2019, með síðari breytingum (pósthjónustulög) hefur hafið störf en honum er ætlað að meta hvernig best megi tryggja að náð verði markmiði 1. gr. laganna. Skýrsla starfshópsins hefur ekki verið birt en niðurstöður hennar kunna að kalla á lagabreytingar. Bændasamtökin hafa farið yfir áformaskjalið og vilja koma eftirfarandi áherslum framfæri.


Bændasamtökin leggja áherslu á að við ákvarðanir um fyrirkomulag alþjónustu skuli sérstaklega hugað að hagsmunum landsbyggðarinnar, þannig að fullnægjandi þjónustustig sé tryggt. Samtökin hafa í umsögnum sínum um núgildandi pósthjónustulög og reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu, nr. 400/2020, bent á að almennt eru litlar skorður settar gagnvart frekari skerðingu pósthjónustu í dreifbýli. Í núgildandi lögum um pósthjónustu er að finna tveggja daga viðmið dreifingardaga í alþjónustu og hefur ráðherra heimild til að útfæra í reglugerð inntak alþjónustu og fækka dreifingardögum í dreifbýli enn frekar. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar skal almennur útburður, innan alþjónustu, vera að lágmarki tveir dagar nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Stjórnvöld á hverjum tíma hafa þannig mikið að segja hver lágmarkspjónusta innan alþjónustu skuli vera. Frekari fækkun dreifingardaga og pósthúsa í dreifbýli er því að mati samtakanna ótæk enda er pósthjónusta hluti af nauðsynlegustu innviðum samfélagsins sem eðlilegt er að allir landsmenn hafi jafnt aðgengi að, óháð búsetu.

Leiði skýrsla starfshópsins til þeirrar niðurstöðu að lagabreytinga sé þörf óska samtökin eftir því að fá aðkomu að þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir, lögfr.